

Ársskýrsla Drafnarhúss 2020

Drafnarhús er staðsett við Strandgötu 75 í Hafnarfirði. Rekstraraðili er Alzheimer samtökin og Hafnarfjarðarbær útvegar húsnaði undir starfsemina. Leyfi eru fyrir 22 einstaklinga daglega frá Heilbrigðisráðuneytinu.

Árið 2020 var óvenjulegt ár í Drafnarhúsi eins og hjá allri þjóðinni vegna covid heimsfaraldurs. Gerðar voru breytingar á starfsemi og skipulagi vegna faraldursins og í mars var sett á heimsóknarbann. Okkur tókst með góðum sóttvörnum að verjast smiti og stóð starfsfólkið sig mjög vel í þessum erfiðu aðstæðum. Sérhæfðar dagþjálfanir fyrir einstaklinga með heilabilun voru með undanþágu á fjöldatakmörkunum og var góð mæting hjá okkur allt árið. Helmingur skjólstæðinga fengu fyrri bólusetningu í lok árs eða 30. desember og var það bóluefni frá Pfizer.

Á árinu nýttu 34 einstaklingar sér þjónustuna í Drafnarhúsi, 17 konur og 17 karlar. Aðeins sjö einstaklingar innrituðust á árinu og 11 einstaklingar útskrifuðust sem var mun minni hreyfing en síðustu ár. Af þeim 11 sem útskrifuðust fóru sex beint á hjúkrunarheimili, tveir útskrifuðust heim (líkaði ekki að vera í dagþjálfun), einn lést og tveir fóru í biðpláss á LSH. Meðalaldur var 77 ár (59-91 ára), svipað og síðustu ár. Meðalbiðtími eftir að komast að í Drafnarhúsi var átta og hálfur mánuður.

Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými voru fjórir mánuðir og sá sem beið lengst eftir hjúkrunarrými beið í tæplega 17 mánuði en sá sem beið styst beið í tvo mánuði. Meðalvalartími þeirra sem útskrifuðust voru 18 og hálfur mánuður og sá sem var lengst í húsi var tæplega fjögur ár en sá sem var styst var tvo mánuði. Það voru níu einstaklingar sem fengu færni- og heilsumat á árinu og um síðustu áramót voru tveir með gilt færni- og heilsumat. Þá fóru aðeins sex einstaklingar í hvíldarinnlögn á árinu og er það heldur færri en síðustu ár og er ástæðan heimsfaraldurinn. Aðeins 11 einstaklingar af 34 búa einir eða rúmlega þriðjungur, 22 búa með maka eða 65% og einn býr með dóttur.

Starfsemin

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun, virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda. Aðstoð við athafnir daglegs lífs miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins vel og kostur er með hans eigin þátttöku.

Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri. Boðið er upp á flutning milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði eftir hádegið. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfsemina og fara yfir ýmis mál sem greiða þarf úr.

Mánaðarlegir fundir með framkvæmdastjóra og forstöðumönnum húsanna voru í gegnum streymi frá mars þegar faraldurinn byrjaði, eins var með alla aðra fundi.

Stuðningur við fjölskyldu

Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Fjölskyldufundir með forstöðumanni og lækni hússins eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur fyrir miðlun upplýsinga

varðandi skjólstæðinga. Í byrjun faraldurs voru fáir fundir haldnir, en frá haustinu voru haldnir fjölskyldufundir og farið var eftir sóttvarnareglum.

Við héldum þorrablót á árinu rétt fyrir heimsfaraldur og var mökum boðið að vera með. Í byrjun sumars náðum við að fara í dagsferð út fyrir bæinn ásamt mökum skjólstæðinga. Vegna covid faraldursins buðum við engum gestum í jólamatinn eins og venja er. Engir fræðslufundir fyrir aðstandendur voru haldnir á árinu.

Það voru einstaklingar sem fengu boð um varanlega vistun á hjúkrunarheimili, en aðstandendur treystu sér ekki til að senda ástvini sína frá sér vegna covid faraldursins þar sem heimsóknarbann var á hjúkrunarheimilum.

Einn skjólstæðingur þurfti að fara í sóttkví í tvær vikur, en hann slapp við smit.

Starfsmenn

Í byrjun árs var tekin upp skert vinnuvika, þ.e. þeir sem eru í 100% starfi skila af sér 38 stunda vinnuviku. Í lok árs 2020 störfuðu átta starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,2 stöðugildum. Starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar, félagsliðar, þroskajálfi, þjóðfræðingur og ófaglærður starfsmaður. Tveir starfsmenn voru í launalausum leyfi á árinu, þ.a. tveir starfsmenn voru í tímabundnum afleysingastöðum.

Starfsmenn hússins eru samheldinn og metnaðarfullur hópur og markmiðið er að viðhalda sjálfstæði einstaklinga eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni þeirra og stuðla þannig að lengri búsetu heima.

Einn starfsmaður þurfti að fara í sóttkví í tvær vikur, en hann slapp við smit.

Aðkeypt þjónusta og sjálfboðaliðar

Læknisþjónusta kemur frá Landspítala háskólasjúkrahúsi. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn frá upphafi. Matur kemur frá Matborðinu og Sólar ræstingafyrirtæki sér um þrifin.

Það voru fáir skemmtikraftar eða sjálfboðaliðar sem komu til okkar á árinu vegna heimsóknarbanns og ekki var tekið á móti nemum þetta árið.

Lokaorð

Starfsemin í Drafnarhúsi hefur gengið vel þetta árið þrátt fyrir heimsfaraldur og hafa skjólstæðingar og aðstandendur verið sáttnir við þjónustuna. Mikil gleði ríkir í daglegu starfi hússins og stefnt er að því að halda áfram á sömu braut.

Hafnarfjörður 23. mars 2021

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur
forstöðumaður Drafnarhúss

Tölulegar upplýsingar

	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Fjöldi skjólstæðinga	34	51	44	40	48	48
Innskriftir	7	24	18	13	23	22
Útskriftir	11	24	17	14	21	23
Meðalbiðtími eftir innskrift	8,5 mán	6,5 mán	9 mán	12 mán	13,4 mán	1,6 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	18,5 mán	18 mán	23 mán	21 mán	14,2 mán	12 mán
Mest	47 mán	75,7 má	63,5 mán	107 mán	45,8 mán	32,7 mán
Minnst	2 mán	2 mán	2,5 mán	2,8 mán	1,5 mán	1,3 mán
Meðalaldur	77	78	80	78	78	80
aldursbil	59-91	58-90	60-93	55-93	55-92	59-94
Konur	17	28	25	24	33	30
Karlar	17	23	19	16	15	18
Búa með maka (börnum)	22/34 1/34	38/51	32/48	23/40 4/48	30/48 4/48	27/48 4/48
Búa einir	11/34	13/51	12/44	13/40	14/48	17/48
Heimaþjónusta (hjúkrun og eða félagslega þjónustu)	14/34	26/51	24/44	17/40	18/48	23/48
Aðstoð við böðun í D.húsi	12/34	22/51	24/44	20/40	29/48	29/48
Aðstoð við lyfjagjafir í D	16/34	20/51	24/44	10/40	20/48	18/48
Fóru í hvíldarinnlögn	6 í 8 innlögnum	15 í 17 innlögnum	17 í 25 innlögnum	20 í 26 innlögnum	19 í 20 innlögnum	15 í 17 innlögnum
Samtals mán í hvíld.	13,8 mán	13,8 mán	19,5 mán	14,4 mán	15,5 mán	12 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	23/34	36/51	39/44	26/40	32/48	39/48
Fengu Færni og heilsumat	9/34	25/51	18/44	19/40	18/48	18/48
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	4 mán	6 mán	6 mán	4,1 mán	2,1 mán	1,9 mán
Mest	16,9 mán	14 mán	9,6 mán	12 mán	Ekki athugað	Ekki athugað
Minnst	2 mán	2 mán	2 mán	1,7 mán	Ekki athugað	Ekki athugað
Sjúkrahúsinnlagnir	7 innlagnir (4 einstakl.)	17 innlagnir (14 einst.)	10 innlagnir (8 einst.)	9 innlagnir (8 einst.)	22 innlagnir (15 einst.)	22 innlagnir (19 einst.)
Útskrift á spítala	2	14	8	3	8	9
Andlát (heima eða á spítala)	1	1	1	0	1	3